

Fundargerð 97. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 29. október 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Gunnar S. Gunnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Sævar Örn Kristjánsson, Jón Jóhannsson og Gylfi Ingvason.

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðmundur Sigurvinsson

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 96
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Rammasamkomulag á Vinnumarkaði
4. Forsenduákvæði kjarasamninga
5. Starfsmannaleigur og undirboð
6. Málefni mönnunarnefndar skipa
7. Tilraunaverkefni í Stálsmíði
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Aðalfundur VM 29. Apríl 2016
10. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 96.

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Mjög vel tókst til með hátíðarhöld í tilefni af 100 ára afmæli Vélskólans. Þetta var samt ekki vel auglýst þar sem upplýsingafulltrúi skólans sem átti að sjá um að koma auglýsingu í blöðin, gleymdi því. En það sem við tókum að okkur var flott.
2. Búið er að semja við HS orku og náðum við fram því sem við vildum. Einnig er búið að semja við Neptún en það var samt bara til eins árs vegna breytinga sem eru fyrirhugaðar þar. Kjósa á um vinnustöðvun í Ísal og verður spennandi að sjá hvernig það fer. Farskipasamningurinn er kominn til sáttasemjara. Í Norðurorku og Orkuveitunni er búið að setja upp nýtt samningamódel og allt á réttri leið þar.

3. VM er 10 ára á næsta ári og stjórnarmenn þufa að fara að huga að því hvort og þá hvað á að gera í tilefni afmælisins. Við stefnum á ráðstefnu á Hótel Selfoss í október, ætlum við að tengja hana afmælinu eða láta hana standa eina og sér. Uppástunga kom um að félagsmönnum verði boðið í kaffi í Gullhamra.

3. Rammasamkomulag á vinnumarkaði.

Mikilvægt að boða til félagsfundar sem fyrst og fá Gylfa til að koma og svara spurningum um þessar tillögur. Sérstök ánægja er með lið 3 c, hann gefur okkur aukna möguleika til að vinna að málum okkar félagsmanna. SA og ASÍ verða að vera búin að klára alla samninga fyrir 1. feb annars skellur forsenduákvæðið á. Við mundum heldur ekki fara í þetta nema allt annað sé klárt.

4. Forsenduákvæði kjarasamninga.

Lagður var fram undirritaður samningur aðildarfélagi ASÍ um virkjun samstarfssamnings vegna kjarasamninga 2015. Ef allt fer í vitleysu varðandi kjarasamninga þá tekur forsenduákvæðið við.

5. Starfsmannaleigur

VM var hrósað á formannafundinum í gær vegna átaksins um starfsmannaleigur. Búið er að setja saman hóp hjá ASÍ og ráða starfsmann sem á að sinna þessu máli.

6. Málefni mönnunarnefndar skipa

Lögð var fram tillaga SFS og VM að úrskurðarorðum. Ágreiningur er um texta í skjalinu sem SFS vill út og tillaga að nýjum texta er í skjalinu. Á síðast fundi hjá Ríkissáttasemjara var sett fram krafa um lágmarksmönnum á uppsjávarskipum og ísfisktogurum og sjómannafélögin ætla ekki að halda áfram viðræðum um endurnýjun kjarasamninga við SFS fyrr en þetta mönnunarmál verður klárað.

7. Tilraunarverkefni í stálsmíði

SA er búið að ráða verkefnastjóra vegna vinnu við endurskoðunnámsskrár og gerð ferilbókar. SA mun greiða verkefnastjóranum en við gætum samt þurft að borga eitthvað í verkefninu. Farið hefur verið fram á að heildarfjármögnun liggja fyrir áður en lagt verður af stað.

8. Lagt fram til upplýsinga

- Skjal frá ASÍ sem sýnir athvæðamagn allra félaga innan samtakanna. VM er orðið 3ja stæsta einstaka félagið innan ASÍ, komum á eftir VR og Eflingu.
- Reglugerð ASÍ um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ

- Beiðni um umsögn um tillögur að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða
- Fundargerð stjórnar vinnustaðanámssjóðs

9. Aðalfundur VM 29. apríl 2016

Fundarmenn beðnir um að fara að huga að því hvort sæma eigi einhvern/einhverja gullmerki félagsins. 1 fundur er eftir í uppstillingarnefnd áður en hægt er að kynna uppstillingu til stjórnarkjörs.

10. Önnur mál.

Ýmsar umræður

Fundi slitið kl. 14:55